441. fundur Þingvallanefndar 12.9.2018

Skrifstofu Þingvallanefndar

Austurstræti 12

Þingvallanefnd

Fundur haldinn á skrifstofu Þingvallanefndar í Austurstræti 12 miðvikudaginn 12. september 2018 kl 11.30. Mættir voru Ari Trausti Guðmundsson formaður, Guðmundur Andri Thorsson, Karl Gauti Hjaltason, Hanna Katrín Friðriksson, Njáll Trausti Friðbertsson og Líneik Anna Sævarsdóttir.

Fanney Einarsdóttir ritaði fundargerð. Gestir: Lilja Jónasdóttir lögmaður, Guðmundur Hannesson ráðgjafi

Formaður setur fundinn.

Dagskrá:

1. Erindi frá sumarbústaðafélagi í Kárastaðalandi- Gestur: Lilja Jónasdóttir.

   Bókun: Þingvallanefnd samþykkir að lækka lóðarleigu skv. 3. gr. gildandi lóðarleigusamnings úr 6 % af fasteignamati lóðar hverju sinnií 4 prósent af fasteignamati. Gildir fyrir almanaksárið 2018 út gildistíma gildandi lóðarleigusamnings. Ákvæði 3. gr. lóðarleigusamnings haldast að öðru leyti óbreytt.

2. Silfra – staða og viðbrögð ferðaþjónustunnar við nýju tímastjórnunarkerfi. Gestir: Lilja Jónasdóttir og Guðmundur Hannesson. Þingvallanefnd samþykkir að fresta gildistöku tímastjórnunarkerfis þar til burðarþolsgreining liggur fyrir.
3. Gjaldtaka í gestastofu.

   Umræða um aðgangseyri í gestastofu . Formaður leggur til að sýningin verði betur kynnt.

   Ákvörðun um lækkun aðgangseyris frestað um tvær vikur.
4. Skipulagning viðtala vegna ráðningar þjóðgarðsvarðar.

   Viðtöl fara fram 21. september næstkomandi og munu 4 nefndarmenn vera viðstaddir.

5. Önnur mál.

   Formaður biður nefndarmenn að skoða mál er varða stækkun þjóðgarðs fyrir næsta fund.

Fundi slitið